



Forsætisnefnd

Efni: Varðandi tillögu ungmennaráðs Reykjavíkur um að bjóða upp á hinseginfræðslu fyrir foreldra og forráðamenn

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 21. nóvember 2022 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 10. febrúar 2022, um svohljóðandi tillögu Sigríðar Erlu Borgarsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða, sem á fundi borgarstjórnar 8. febrúar 2022 var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. september 2022:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela mannréttindaskrifstofu í samstarfi við skóla- og frístundasvið að bjóða upp á hinseginfræðslu fyrir foreldra og forráðamenn í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti samninga við Samtökin '78 um framkvæmd fræðslunnar frá og með haustönn 2022 og tryggi fjármögnun verkefnisins.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasvið og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa vinni í sameiningu að rafrænni fræðslu um hinsegin málefni fyrir foreldra barna í leikskólum og grunnskólum í Reykjavík. Fræðslan verði send til allra foreldra barna í leikskólum og grunnskólum í Reykjavík árlega og uppfærð eftir þörfum. Þegar rafræna fræðslan hefur verið send til foreldra verði boðið upp á opinn fund í hverjum borgarhluta með foreldrum þar sem þeim gefst tækifæri til að dýpka þekkingu sína, spyrja spurninga og taka þátt í umræðum. Rafræna fræðslan verði tilbúin á árinu 2023 og þá fari jafnframt fram fundir með foreldrum.

Breytingartillagan var samþykkt. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar skóla- og frístundarráðs þakka fyrir tillögu frá fulltrúum í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um hinsegin fræðslu fyrir foreldra krakka í grunn- og leikskólum borgarinnar og taka undir mikilvægi þess að foreldrar barna séu upplýst um hinseginleika. Skóla- og frístundasvið og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa munu vinna í sameiningu að rafrænni fræðslu um hinsegin málefni fyrir foreldra barna í grunnskólum í Reykjavík, og leita ráðgjafar viðeigandi félagasamtaka ef þörf krefur. Fræðslan verði send til allra foreldra barna í grunn- og leikskólum í Reykjavík árlega og uppfærð eftir þörfum. Skóla- og frístundasviði og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verður falið að vinna að fræðslunni í sameiningu og leita ráðgjafar félagasamtaka á borð við Samtökin '78 þegar og ef þörf krefur. Um er að ræða rafræna fræðslu sem send verður út í



tölvupósti og telja fulltrúar meirihlutans að kostnaðaraukningin sem af því hlýst að senda fræðsluna á fleiri viðtakendur sé óverulegur.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að breytingar meirihlutans séu ekki til bóta í samanburði við upphaflegu tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar 8. febrúar síðastliðinn. Fulltrúarnir sitja því hjá í málinu. Til þess verður að líta að upphaflega tillagan beindist með markvissum hætti að fræðslu til foreldra og forráðamanna í grunnskólum Reykjavíkur. Hún hefur hins vegar verið efnislega útvötnuð þar eð hún á fyrst og fremst að vera í rafrænu formi ásamt því að engar tryggingar eru fyrir hendi að fjármagn fylgi til að hrinda verkefninu úr vör. Einnig er hætta á að framkvæmd verkefnisins verði ómarkvissari með því að fræðslan nái einnig til foreldra barna í leikskólum í Reykjavík.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 7. nóvember 2022 tók Sigríður Erla Borgarsdóttir sæti á fundinum og kynnti tillögu sína.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um hinseginfræðslu fyrir foreldra krakka í grunnskólum

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 8. febrúar 2022 var samþykkt að vísa eftirfarandi tillögu til skóla- og frístundaráðs.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela mannréttindaskrifstofu í samstarfi við skóla- og frístundasvið að bjóða upp á hinseginfræðslu fyrir foreldra og forráðamenn í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti samninga við Samtökin '78 um framkvæmd fræðslunnar frá og með haustönn 2022 og tryggi fjármögnun verkefnisins.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Reykjavíkurborg er nú þegar með í gildi þjónustusamning við Samtökin '78 um hinseginfræðslu til nemenda í öllum grunnskólum, en hver skóli þarf að bóka slíka fræðslu fyrir sína nemendur. Þá stendur öllu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar til boða hinseginfræðsla frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, m.a. í formi Regnbogavottunar. Einnig hefur skrifstofan útbúið ýmiskonar stuðningsefni til handa starfsfólki skóla á sviði hinsegin málefna. Hægt væri að nýta foreldrafræðslu til að styðja við fræðsluna sem nemendur hljóta bæði frá Samtökunum '78 sem og frá starfsfólki skóla.

Einn möguleiki í útfærslu á tillögunni væri að bæta við þjónustusamninginn við Samtökin '78 þannig að hann ætti líka við um foreldrafræðslu. Í núverandi samningi við Samtökin '78 sem gildir til 31.12.2023 kemur fram að Samtökin '78 eiga að sjá um fræðslu til nemenda í grunnskólum og frístundastarfi sem og til hverfisíþróttafélaga innan Íþróttabandalags Reykjavíkur. Auk þess bjóða samtökin áfram upp á einstaklingsráðgjöf. Vel má skoða hvort hægt væri að bæta við ákvæði um foreldrafræðslu í samninginn við Samtökin '78, en ljóst er að slíkt mun ekki hefjast fyrr en í fyrsta lagi á vorönn 2024 m.v. gildistíma núverandi samnings. Er þó ýmsum spurningum ósvarað, m.a.:

- Umfang. Er um að ræða foreldrafræðslu í hverjum skóla, í hverju hverfi, á hverju ári, á nokkurra ára fresti? Á að vera hægt að óska eftir fræðslu án fyrirvara?
- Útfærsla. Á fræðslan að vera í eigin persónu, upptaka eða rafræn? Hversu oft á að uppfæra fræðsluna?
- Ábyrgð. Hver ber ábyrgð á því að boða foreldra á fræðsluna og auglýsa hana?
- Kostnaður. Kostnaðarmeta þarf tillöguna þegar búið er að taka tillit til ofangreindra spurninga.



Ljóst er að umfang og útfærsla fræðslunnar munu skera úr um kostnaðinn, en að svo stöddu er biðlisti í fræðslu bæði hjá Samtökunum '78 sem og hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og þarf auka mannafla til að sinna yfirgripsmikilli fræðslu.

Mögulega má leita annarra leiða til að fræða foreldra og forsjáraðila um hinsegin málefni. Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa starfar sérfræðingur á sviði hinsegin málefna sem heldur m.a. utan um Regnbogavottun Reykjavíkurborgar. Hægt væri að fela skrifstofunni að útbúa rafræna fræðslu fyrir forsjáraðila sem skólastjórnendur myndu árlega senda á foreldra og forsjáraðila. Rafrænu fræðsluna má útbúa í samstarfi MAR og Mixtúru.

Æskilegast væri að slíkri sendingu myndu fylgja frekari upplýsingar varðandi hinsegin málefni, stefnu skólans, fræðsluefni og sértækar upplýsingar er varða hinsegin börn og hinsegin málefni sem ættu við hverju sinni. Þessi fræðsla, ásamt upplýsingagjöf og annað umstang sem í kringum hana myndast þarf að uppfæra reglulega.

Samhliða þessu væri möguleiki á því að bjóða upp á rafrænan spjallfund fyrir foreldra og forsjáraðila, einn fyrir hvert hverfi eða óháð hverfi, eftir að fræðsluerindi hefur verið sent út frá skólunum. Þar gæfist foreldrum tækifæri til að dýpka þekkingu sína, spyrja spurninga og varpa fram vangaveltum í kjölfar fræðsluerindis.

Um leið ætti að hvetja alla grunnskóla borgarinnar til að óska eftir Regnbogavottun, en hún eflir allt starfsfólk skólanna til að veita málefnum athygli og eykur þekkingu þeirra þannig að þau verði færari í að vinna markvisst að hinseginvænu umhverfi og uppfylla lagaskyldur um fræðslu til nemenda um hinsegin fólk.

Þess má geta að þessari leið fylgja sambærilegar spurningar og að ofan, en margir starfsstaðir borgarinnar hafa óskað eftir Regnbogavottun og hafa þegar myndast biðlistar. Skoða mætti hvort rými er til að bæta foreldrafræðslu við verkefni sérfræðings mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu en að öllum líkindum myndi slíkt kalla á auka mannafla, þar sem ráðinn yrði inn annar sérfræðingur í hinsegin málefnum.